

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 30 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Nútímavæðing evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti á að fara fram í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1297/2008/EB frá 16. desember 2008 um áætlun um nútímavæðingu evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti (MEETS) ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 30 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2009 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Í bókun 30 við samninginn bætist við á eftir 3. gr. (Hagskýrsluáætlun 2008 til 2012) svohljóðandi ný grein:

„4. gr.

Nútímavæðing evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti (MEETS)

1. EFTA-ríkin skulu taka þátt í þeim áætlunum og aðgerðum Bandalagsins, sem um getur í 4. mgr., frá 1. janúar 2009.
2. Markmið 1, 2 og 3 og aðgerðir, sem tengjast þeim og mælt er fyrir um í árlegum vinnuáætlunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins sem um getur í 4. mgr., teljast varða hagskýrslusamstarf EES og geta EFTA-ríkin tekið fullan þátt í þeim.
3. Frá 1. janúar 2009 skulu EFTA-ríkin greiða framlag í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og tilheyrandi fjárhagsreglugerðir sem nemur 75% af fjárhæðinni sem tilgreind er í fjárlagaliðum 29 02 04 og 29 01 04 04 (Nútímavæðing evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti) í fjárlögum bandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 41, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 76.

4. Þessi grein lýtur að eftirfarandi bandalagsgerð:

- **32008 D 1297**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1297/2008/EB frá 16. desember 2008 um áætlun um nútímavæðingu evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti (MEETS) (Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 76).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.